

## NASDAQ OMX Iceland – Yfirlit fyrir janúar 2012

*Heildarveltan fyrir janúar er 305 milljarðar (samanborið við 211 milljarða í desember).*

**Hlutabréfaviðskipti** – Heildarviðskipti með hlutabréf í janúarmánuði námu 3.294 milljónum eða 150 milljónum á dag. Þessu til samanburðar nam veltan með hlutabréf í desember 3.914 milljónum eða 186 milljónum á dag. Mest voru viðskipti með bréf Marel (MARL) 1.697 milljónir, bréf Haga (HAGA) 1.073 milljónir, og bréf Icelandair (ICEAIR) 407 milljónir.

**Hlutabréfavísitölur** – Úrvalsvísitalan (OMXI6) hækkaði um 5,1% milli mánaða og stendur nú í 956 stigum.

**Hlutdeild kauphallaraðila á hlutabréfamarkaði** – Á Aðalmarkaði Kauphallarinnar var Landsbankinn með mestu hlutdeildina 39,4% (65,1% á síðasta ári), Íslandsbanki með 23,6% (11,9% á síðasta ári), og Arion banki með 20,9% (4,3% á síðasta ári).

**Skuldabréfavelta** – Heildarviðskipti með skuldabréf námu 302 milljörðum í síðasta mánuði sem samsvarar til 13,7 milljarða veltu á dag samanborið við 9,9 milljarða veltu á dag í desembermánuði.

Mest voru viðskipti með *RIKB 19 0226*, 40,5 milljarðar, *RIKB 25 0612*, 33,2 milljarðar, og *HFF150644* 29,5 milljarðar. Alls námu viðskipti með ríkisbréf 204 milljörðum en viðskipti með íbúðarbréf námu 88 milljörðum.

**Skuldabréfavísitölur** – Ávöxtunarkrafa þriggja mánaða óverðtryggðu vísitölnnar (OMXI3MNI) er nú 4,18% (-8 punktar), eins árs óverðtryggðu vísitölnnar (OMXI1YNI) 3,76% (-7 punktar), fimm ára óverðtryggðu vísitölnnar (OMXI5YNI) 6,06% (+28 punktar) og 10 ára óverðtryggðu vísitölnnar (OMXI10YNI) 7,32% (+50 punktar). Ávöxtunarkrafa 5 ára verðtryggðu vísitölnnar (OMXI5YI) stendur nú í 0,86% (-39 punktar) og 10 ára verðtryggðu vísitölnnar (OMXI10YI) í 2,22% (-22 punktar).

**Hlutdeild kauphallaraðila á skuldabréfamarkaði** – Í janúar mánuði var MP Banki með mestu hlutdeildina 25,9% (25,7% á síðasta ári), Íslandsbanki með 21,3% (23,1% á síðasta ári) og Landsbankinn með 19,2% (19,3% á síðasta ári).